

# Október 2012

## Komið sæl

Nú er starfið í Krílakoti í fullum gangi, kennarar og börn hafa verið að kynna, hópastarfið að byrja með breyttu sniði og því líf og fjör hjá okkur.

Heimasíðan er í vinnslu og bætist efni á hana hægt og sígandi auk þess sem uppsetning hennar er í vinnslu.

Síðastliðinn föstudag fór starfsfólkið á námskeið í fordómafræðslu sem var mjög gagnlegt og einnig námskeið í vinnu með nýja Aðalnámskrá leikskóla. Vel gekk á námskeiðunum og má segja að við séum á góðri leið með innlögð nýrrar námskrár en nú tókum við sérstaklega fyrir lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sjálfbærni.

Foreldrafundur var í september og þökkum við ykkur kærlega fyrir komuna, gaman að sjá svo marga foreldra heimsækja okkur. Við áttum gott spjall og kynningu á komandi vetri auk þess sem frábærir foreldrar buðu sig fram í foreldrafélag og foreldraráð. Ákveðið var að fulltrúar frá foreldrafélaginu og foreldraráðinu myndu taka þátt í grænfánaverkefninu þ.e. taka smá tíma á fundum í að ræða málin og koma hugmyndum og athugasemdum á framfæri og svo mætti hafa samráðsfund þegar líður á veturinn.

Þann 8,9 og 10 október er foreldrakaffi. Við ætlum að hafa þetta með sama sniði og í fyrra. Foreldrakaffið er frá 8-9 og koma foreldrar og fá sér kaffi um leið og börnin koma í leiksolann og borða morgunmat saman, graut, morgunkorn og heimabakað brauð. Sjáumst í foreldrakaffinu.

George og Sarka koma næstkomandi sunnudag og verður fram til þriðjudags að ljúka við lóðina. Áhugasamir geta kíkt við, hvort sem er til að sjá hvað þau eru að gera eða með verkfæri í hönd. Lóðarvinnunni er formlega að ljúka og erum við mjög svo ánægð með það umhverfi sem börnin ykkar fá tækifæri til að njóta hér í leikskólanum.

Varðandi skóladaगतal Krílakots þá viljum við benda foreldrum á að skoða það vel vegna þess að breytingar hafa orðið milli ára t.d. er varðar dótadaga en þeim hefur fækkað. Flestir dagar eru samræmdir Kátakoti til að auðvelda foreldrum.

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólalastjóri.



## Starfsmannahald veturinn 2012-2013

### Skýjaborg—16 börn:

Arna, deildarstjóri  
Gunná  
Ásdís  
Steinunn  
Herdís

### Skakkaland 23 börn:

Ágústa, deildarstjóri  
Júlíana  
Kató  
Fanney  
Sigrún Ingibjörg.

### Hólakot: 23 börn

Anna Lauga, deildarstjóri  
Bjarney  
Inga Siddý  
Pálína  
Dóra

Sigrún Björk flakkar á milli deilda

Lilja Rós leysir af tímabundið



## Grænfáninn

Fulltrúar í  
foreldrafélagi og  
foreldraráði ætla að  
starfa með  
grænfánanefndinni.

### Frábært

"Allt er vænt sem vel er  
grænt"



## Foreldraráð 2012-2013

Vinum saman að velferð  
barna okkar og leikskólans.

Erna Þórey (Vala Katrín og  
Egill Bjarki)

Hanna Kristín (Hákon Þór)

Helga (Eyrún Hekkla)

Karl Ingi Atlason (Briet Þóra)

## Uppbyggingarstefnan

### Áhrif



### Tilheyra



### Frelsi



### Gleði



### Öryggi



Sáttmálinn okkar byggir á ákveðnum þáttum sem við teljum mikilvægt að takast á við.

### "Við göngum inni"

Við viljum hvetja foreldra til að aðstoða okkur í að hjálpa börnunum að muna að ganga inni og sleppa hlaupum.

Hlaupi barn innandyra notum við sömu orðræðu þ.e. segjum "Við göngum inni" í stað þess að segja "ekki hlaupa inni". Þegar við mætum í leikskólann segum við "gangtu/labbaðu inn til kennarans" í stað þess að segja "hlaupu til kennarans"

Sýnum jákvæni og stöndum saman.

## Læsi

Í Krílakoti er sungið alla daga af hjartans list. Við erum búin að læra mörg ný lög auk þess sem við syngjum gamalgróna söngva og vísur. Á vefnum bornogtonlist.com er að finna eitthvað af lögnum sem við syngjum í Krílakoti.

Krókóðill í lyftunni

Sjáðu hestinn minn

Kostulegur karl

Endilega kynnið ykkur þetta eða eigið góða stund með börnunum og horfið og hlustið með þeim, mjög skemmtieg síða.

## Bókasafnið

Það hefur verið hefð að heimsækja Bókasafn Dalvíkurbyggðar á hverjum vetri. Nú er komin hugmynd um að efla samstarfið við bókasafnið og fara í reglulegar heimsóknir yfir veturinn.

Markmiðið er að efla læsi, hlusta á sögur og vinna verkefni í samstarfið við safnverði. Þetta verður skemmtilegt þróunarverkefni, alltaf gaman að efla tengsl við samstarfsfélaga.

Verum dugleg að lesa fyrir börnin

Það getur skipt sköpum fyrir barnið og einnig góð leið til að efla tengsl milli foreldra og barns.



## Foreldrafélag Krílakots Skólaárið 2011-2012

Ágústa Kristín (mamma Magneu)  
Guðrún Ósk (mamma Ásdísar Ingu)  
Snæþór (pabbi Hólmars Elí)

Stöndum saman að velferð barna okkar

Hæ hæ

Viltu starfa með stjórn  
foreldrafélags Krílakots.

Hafðu þá samband við  
fulltrúa  
foreldrafélagsins, eða við  
leikskólastjóra.

## Íspinnaspýtur

Við erum að fara að vinna verkefni með íspinnaspýtum. Við óskum því eftir aðstoð frá ykkur þ.e. Að þið hafið okkur í huga í næstu ísveislu og færið okkur spýturnar.

Með fyrirfram þakklæti

## Athugið

Samkvæmt lögum skal ökumaður sjá til þess að börn undir 15 ára séu í ákveðnum öryggis- og verndarbúnaði. Það kemur fyrir að börn eru laus í bílum þegar þau koma í leikskólann eða fara.

Starfsmönnum ber að tilkynna til barnaverndar verði þeir vitni af vanrækslu og ef þeir telja öryggi og velferð barna sé ógnað.

Höfum börnin alltaf í  
öryggisbúnaði

## Föt Föt Föt

Munið að merkja föt og skó barna ykkar vel. Við minnum á að í Krílakoti er 65 börn og erfitt fyrir starfsfólk að þekkja í sundur ómerkt föt. Það eru jú líkur á að þau tapist ef þau eru ómerkt. Gerum okkur lífið auðveldara og merkjum eigur okkar.

